



Seyðisfjarðarkaupstaður

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina.

Stjórnarsýsluupplýsingar

Útgefið: 20.02.2017
Höfn: Seyðisfjarðarhöfn
Hafnarstarfsemi: Blönduð hafnarstarfsemi
Heimilisfang: Hafnargötu 44
710 Seyðisfjörður

Tengiliður: Hafnarvörður
Sími: 470-2360
Fax: 472-1574
Tölvupóstur: port@sfk.is
Fjöldi skipakoma: 442 á árinu 2015

Tilgangurinn með gerð áætlunargerðarinnar

Tilgangurinn með áætlun Seyðisfjarðarhafnar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar. Engin formeðferð úrgangs og farmleifa fer fram á hafnarsvæðinu.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Hafnarsvæðið teygir sig eftir allri strandlengjunni framan við byggðina og eru hafnarkantarnir sem á því eru eftirtaldir: Bjólfsbakki, Strandarbakki, Smábátahöfn, Angrosbryggja, Bæjarbryggja, Fiskvinnslubryggja, Bryggjur við bræðslu SVN. Vöruflutningar eru einkum með Bíla og farþegaferjunni Norrænu og leggst hún alltaf að Strandarbakka. Norræna er hér vikulega og stoppar þá tvo daga nema yfir hásumarið kemur hún aðeins í þrjá tíma. Hér kemur töluvert af skemmtiferðaskipum og koma þau yfirleitt að Strandarbakka eða Bjólfsbakka. Ísfiskskip sem hér koma landa nær alltaf við Fiskvinnslubryggju eða Bæjarbryggju. Uppsávarveiðiskipin landa við bræðslubryggjuna og eru þær auk þess notaðar til útflutnings á mjöli og lýsi frá bræðslu SVN og móttöku á olíu. Innsti hluti bryggjunnar er notaður við uppskipun á olíu og lýsi. Mjög gott samráð er milli hafnarinnar, olíudreifingar ehf. og starfsmanna Síldarvinnslunnar. Alltaf er samband og samráð þegar olíu- eða lýsisskip koma í höfnina.



Seyðisfjarðarkaupstaður

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni.

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöður hafnarinnar á árinu 2015.

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2015
Smábátar	222
Stór fiskiskip	102
Flutningaskip	25
Norræna	49
Skemmtiferðaskip	26
Önnur skip	18

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni. Allt er vigtað á hafnarvog nema fljótandi olíuúrgangur sem Olíufélögin taka við og koma í olíuskip til endurvinnslu.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn	Kostnaður við notkun
Heimilisérgangur og lífrænn úrgangur	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Gámur 10m ³ og sorptunnur 240 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Ca 50m ³ á ári	Innheimt gjald af skipum miðað við magn
Endurvinnanlegur úrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	Ca 10 m ³ á ári	Greiðist af notenda
Veiðarfæraúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	25 m ³ á ári	Greiðist af skipum miðað við magn
Brotajárn	Kar 600 lítra á bryggju við SVN eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra á bryggju við SVN eða sérferð á sorpmóttökustað	Lítið en alltaf einhver vír(t.d. togvírar og grandarar) c.a. 2 m ³	
Hættulegur úrgangur og olíumengaður úrgangur	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Einkum olíusúgur og því um líkt, u.þ.b. 0,5 m ³	
Fljótandi olíuúrgangur	Olíutankar á hjólum 1000 lítra á vegum olíufélaganna	Olíutankar á hjólum 1000 lítra á vegum olíufélaganna	3000 lítrar	
Fljótandi skólþúrgangur	Í samvinnu við verktaka(Bólholt)	Í samvinnu við verktaka(Bólholt)	Óverulegt	Greiðist af skipi til verktaka samkvæmt reikningi
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar		Greiðist af skipi samkvæmt reikningi

Þó ekki liggi fyrir nákvæmar tölulegar upplýsingar um magn úrgangs sem tekið er á móti árlega á Seyðissfjarðarhöfn þá hefur sýnt sig að sá búnaður sem þar er til staða er nægjanlegur, enda er brugðist við einstaka toppum með sérferð á sorpflokkunarstöð sveitarfélagsins. Sá búnaður sem til staðar er hefur sýnt sig að vera fullnægjandi enda brugðist við með sértækum aðgerðum sé um mikið magn að ræða eins og komið hefur fram hér áður.



Seyðisfjarðarkaupstaður

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.

Sorpgámum var valin staðsetning með tilliti til aðgengis að þeim og skipaumferðar við hafnarkant. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílát hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist gert af hálfu hafnarstarfsmanna eða að kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá skipinu.

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarrikiseftirlits).

Fjöldi og tegundir íláta fyrir úrgang á höfninni:

Bjólfsbakki

Sorpmóttökustöð er við Bjólfsbakka.

Strandarbakki

- Allt sorp tekið með sérferðum.
- Tvær 240 lítra sorptunnur eru við ferjuhús.

Smábátahöfn

- 240 lítra sorptunna fyrir almennt sorp.
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma.
- Umráðamenn báta skulu koma olíuúrgangi og því sem því fylgir á sorpmóttökustöð.

Angro og Bæjarbryggja

- 2 stk. 240 lítra sorptunnur.
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma.

Fiskvinnslubryggja

- 2 stk 240 lítra sorptunnur.
- Stórt kar fyrir veiðarfæraúrgang.
- Sérferð með timbur og stærri sorpfarma.

Bryggjur við SVN

- 1 gámur fyrir almennan úrgang.
- 1 kar fyrir brotajárn.
- 1 kar fyrir olíumengaðan úrgang s.s. olíusíur, tuskur og brúsa.



Seyðisfjarðarkaupstaður

Gámarnir, körin og tankarnir er allt skýrt merkt með stórum merkjum til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs tekið er á móti og hverju EKKI. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar. Úrgangsmóttakan er nálægt ljósi til að tryggja örugga móttöku úrgangs allan sólarhringinn, allan ársins hring. Á mynd 1 má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang á korti á öllum hafnarköntum.

Merkingar sem notaðar eru á móttökuílát úrgangs hjá Seyðisfjarðarhöfn:



Merki fengin á heimasíðunni www.fenur.is

Um tæmingu sorpgáma sér **Íslenska Gámafélagið** eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar hafa séð um tæmingu kara og úrgangsolútanka með því að kalla til flutningsaðila til að fara með kör á sorpmóttökustöð, móttöku fyrir brotajárn eða kalla til aðila frá olíufélagi til að taka úrgangsolíu.

C. Móttaka skólps.

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili (Bólholt) sem hefur yfir að ráða dælubílum til slíkrar þjónustu.

Kostnaður við móttöku úrgangs

Kostnaður er skv. gjaldskrá Hafnarsjóðs Seyðisfjarðarhafnar hverju sinni auk þess sem skipin greiða beint til þjónustuaðila fyrir sérlosanir. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu Seyðisfjarðar <http://www.sfk.is/is/stjornsysla/gjaldskra>

D. Upplýsingar til notenda

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinargóðar merkingar á ílát til móttöku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna (port@sfk.is sími 470 2360) eða til hafnarstjóra (sfk@sfk.is sími 470 2300)

Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.



Seyðisfjarðarkaupstaður

F. Upplýsingar til notenda

Áætlun þessi er unnin af Rúnari Laxdal Gunnarsyni yfirhafnarverði í samráði við hafnarstjóra og hafnarstjórn í febrúar 2017 og bera yfirhafnarvörður og hafnarstjóri ábyrgð á framkvæmd hennar.

Endurskoðun

Áætlunin verður endurskoðuð eigi síðar en 2019.

020. Samkvæmt 6.gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun farmleifa á þriggja ára fresti. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.



Seyðisfjarðarkaupstaður



Mynd 1

Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangur með áætlun seyðisfjarðarhafnar er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkennrar förgunar- eða meðhöndlunarstöðvar.

Óski skip eftir losun úrgangs hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar og tilkynna um losunn.

Seyðisfjarðarhöfn +354-4702360

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílát sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Mynd af staðsetningu sorpmóttökubúnaðar er að finna á heimasíðu hafnarinnar.

<http://www.sfk.is/is/thjonusta/samgongur/hofnin>



Seyðisfjarðarkaupstaður

Um kostnað fer skv. gjaldskrá seyðisfjarðarkaupstaðar og gjaldskrá íslenska gámafélagsins hverju sinni. Sjá má framangreindar gjaldskrár á heimasíðu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

http://www.sfk.is/static/files/gjaldskrar/2017/gjaldskra_hafnarsjods_seydisfjardar_2017.pdf og gjaldskrá fyrir íslenska gámafélagið. http://www.sfk.is/static/files/gjaldskrar/sorphirda_gjaldskra-2016.pdf

Í þeim tilvikum þar sem notast er við þjónustu annarra þjónustuaðila en hafnarinnar s.s. vegna olíuúrgangs, skólps eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. hans gjaldskrá.

Listi yfir þjónustaðila:

Íslenska Gámafélagið	Fjarðargata	710 Seyðisfirði	8405852	Úrgangur
Bólholt	Lagarfelli 10	700 Egilstöðum	471300	Skólp
Olídreifing			8407755	Úrgangsolía
Skeljungur	Hafnargata 2	710 Seyðisfirði	4712090	Úrgangsolía

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmans eða hafnarstjóra. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar á netfang vilhjalmur@sfk.is.

Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins og fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.

Hafnarvörður.



UMHVERFISSTOFNUN
Environment
Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík
Tel. 591 2000 • Fax 591 2010

Sigr. Þeistinn



Seyðisfjarðarkaupstaður

Eyðublað fyrir móttöku úrgangs

Skip: _____

Skr.nr. Skips _____

Dags. _____

Lýsing¹

Magn	Þyngd	Teg. úrgangs	

Ástæða losunar²

UPPLÝSINGAR UM UMBOÐSAÐILA SKIPS		
Nafn:	Sími:	Skipstjóri/yfirmaður skips
Heimili:	Fax:	
Staður:	email:	
Land:	Tengiliður:	

Seyðisfjarðarhöfn
Hafnargötu 52a
710 Seyðisfjörður
Iceland

Undirskrift móttökuaðila: _____

¹ Allir úrgangsflokkar skulu listaðir upp í kaflanum LÝSING eða skráningarlisti festur við skjalið. Pökkunarlisti skal alltaf festur bæði innan og utan á kassa/ílát/pakka.

² Eitt eintak af skjali þessu til skips. Eiitt eintak til hafnarinnar.



Seyðisfjarðarkaupstaður

Landed goods form

Vessel: _____

IMO no. _____

Date _____

Description¹

QTY	WEIGHT	ITEM	

REASON FOR LANDING²

AGENT DETAILS		Master/CE ship
Name:	Tel:	
Adress:	Fax:	
City:	email:	
Country:	Contact:	

Seyðisfjarðarhöfn
Hafnargötu 52a
710 Seyðisfjörður
Iceland

Signature: _____

¹ All items shall be listed under DESCRIPTION or an inventory list is to be attached to this form. Packing list shall be placed both outside as well as inside the box/crate/parcel.

² One copy vessel. One copy port.



Seyðisfjarðarkaupstaður

Listi yfir þjónustaðila:

Íslenska Gámafélagið
Bólholt
Olíudreifing
Skeljungur

Fjarðargata 710 Seyðisfirði 8405852
Lagarfelli 10 700 Egilstöðum 471300
8407755
Hafnargata 2 710 Seyðisfirði 4712090

Úrgangur
Skólp
Úrgangsolía
Úrgangsolía